

Kveikjum neistann

Hver er staðan?

1. bekkur stundaskrá

Í 1. bekk eru 48 nemendur í þremur bekkjum.
Kennarar eru: Íris Páls, Magga Beta og Erla Signý.

1. bekkur vinnur skv. breyttu
stundatöfluskipulagi
miðað við það sem áður hefur verið.

Helstu breytingar eru:
Hreyfing er snemma á morgnana.
Þjálfunartímar eru einu sinni á dag
Ástríðutímar eru í lok dags.

Læsi


Sérstök áhersla er lögð á læsi þar em markmiðið er að 80% nemenda verði læsir við lok 2. bekkjar. Við hægjum á bókstafa- og hljóðainnlögn til að vera þess fullviss að helst allir nemendur séu að ná að tengja bókstaf og hljóð áður en lengra er haldið. Við leggjum aukna áherslu á að allir nemendur fái áskoranir miðað við færni. Þess vegna er utanumhald mikilvægt og að staða hvers og eins sé ljós strax í upphafi. Bókstafa- og hljóðakönnun var lögð fyrir 1. bekk í haust og gerði Herdís Rós það fyrir allan árganginn.

Eftir að rýnt hafði verið í niðurstöður var nemendum skipt í lestrarhópa þar sem þau hafa verkefni miðað við þar sem þau eru stödd í læsisferlinu. Þetta eru 5 misstórir hópar þar sem börnin lesa og vinna lestrar- og ritunarverkefni.

Nú er verið að þróa lesskimanir þar sem áherslan verður á gott flæði í lestri og lesskilningi.

Við viljum auka ánægju af lestri enda er hún á undanhaldi. Um leið og nemendur hafa náð tókum á bókstöfum og hljóðum fá þau að velja sér bækur sem henta þeirra getu. Bækurnar hafa verið flokkaðar og litamerktar sem auðveldar börnunum valið.

Flæði – samspil áskorana og færni



← Csikszentmihalyi
Allir þurfa að æfa sig í að skrifa
nafnið hans rétt!

Stærðfræði

Í stærðfræði er lögð áhersla á að veita nemendum góðan grunn í tölum og talnafærni. Hér er ekki verið að flýta sér heldur er gefinn mjög góður tími í hvern námsþátt fyrir sig þannig að nemendur geti bætt jafnt og þétt við þá kunnáttu sem þau hafa. Hverjum og einum er mætt á þeim stað sem þeir eru í sínum námsferli. "Endurtekningin skapar meistarann" (Edelman)
Verið er að þróa stöðumat sem auðveldar skiptingu í hópa. Einnig hefur stærðfræði-teymið unnið stöðumat sem verður notað í 1. bekk að vori og var það prufukeyrt síðasta vor.

- Umsagnir Hermundar og Svövu eftir önnina:
- Faglegur og metnaðarfullur kennarahópur
- Kennarar í 1. bekk að gera frábæra hluti
- Herdís algjör fjársjóður
- Stóllur með síðuna: Út fyrir bókina eru einstakar og "hands on" verkefni sem þær eru að setja út eru mjög góð til að mæta hverju barni þar sem það er státt.
- Ástríðutímakennarar eru að gera svo vel, börnin svo glöð í þessum tímum.
- Teymisstjórar og teymi að gera góða hluti sem styðja vel við verkefnið
- Íþróttakennarar áhugasamir og hugmyndaríkir
- Einkar ánægjulegt að fá Helgu Sigrúnu inn í hópinn. Mikill fagmaður
- Kveikjum neistann er að velja mikla athygli meðal fræðimanna og þið getið verið stolt af ykkar vinnu og þátttöku í rannsókninni

Þjálfunartímar

Einstaklingsmiðað nám fer að miklu leyti fram í þjálfunartímum sem eru á hverjum degi. Í þeim tímum er fjórði kennarinn með einn hópinn.

Í þessum tímum er ýmist um lesrar- eða stærðfræðiverkefni að ræða og er nemendum skipt þvert á árgang þannig að allir fái nám við sitt hæfi.

Ástríðutímar

Ástríðutímarnir eiga að stuðla að því að nemendur þrói með sér áhuga eða ástríðu fyrir einhverju sem þau geta þróað með sér færni í. Nemendur velja sér að morgni hvað þeir vilja gera í lok dags. Í haust hafa þau getað valið sér sauma, heimilisfræði, myndmennt, smíði og tónmennt.

Kennarar hafa leyst þetta einkar vel og krakkarnir eru ánægðir. Til þess að allir kynnist öllum þessum greinum stendur til að festa tímana að einhverju leiti á næstu önn. Við myndum líka vilja bæta tímabundið inn öðrum greinum eins og t.d. skák og forritun og vonandi tekst það.

Hugarfar vaxtar og grósku

Með menntarannsókninni er gert ráð fyrir að þróa með nemendum hugarfar vaxtar og grósku. Þau fá að kynnast hugtökum sem byggja á vaxtarhugarfari og læra hvernig þau virka og hvernig hægt er að nota þau til að ganga betur t.d. að sýna þrautseigju og gefast ekki upp.

Þrautseigja

Eg læri af mistökum mínum

VÖXTUR

Hreyfing

Einn af lykilmáttum menntarannsóknarinnar gengur út á mikilvægi hreyfingar. Íþróttakennarar hafa tekið og skráð stöðumat á nemendum og verða þessar niðurstöður settar í samhengi við árangur í almennu námi ásamt líðan í skólanum.

Nemendur fara í íþróttatíma snemma á morgnana þrisvar í viku.

Að auki sjá umsjónarkennarar um hreyfingu hina dagana og fá nemendur möguleika á að hreyfa sig reglulega yfir daginn.

Íþróttakennarar hafa útbúið hreyfingarbanka sem auðveldar kennurum val á hreyfiverkefnum.

Helga Sigrún Þórsdóttir er komin í 30% stöðu við rannsóknasetrið og hyggst sækja um dorktorsnám í haust. Hún er mikilvæg viðbót fyrir okkur sem störfum á gólfinu.

Út fyrir bókina

Hér verður að minnast á verkefni sem Út fyrir bókina kennararnir; Snjólaug og Unnur Líf hafa útbúið en þau gera okkur kleift að mæta nemendum á sínum stöðum og vinna fjölbreytt verkefni sem þeim finnst virkilega skemmtilegt að gera.

Þessi verkefni ríma svo sannarlega við veita nemendum áskorun miðað við færni og gefa þeim tækifæri á að læra í gegn um leik. Forritið Seesaw er á sama hátt frábært við einstaklingsmiðun í námi. Nemendur vinna sama verkefnið en fá mismunandi nálgun við að vinna það t.d. lesa þeir sem geta lesið fyrirmæli en þau sem ekki geta lesið fá að hlusta. Þar eru stærðfræðidæmin misþung og mörg eftir getu hvers og eins.

Út fyrir bókina verkefni eru mörg hver komin á Seesaw og eru 1. bekkjar kennarar duglegir við að nýta sér þessi frábæru verkfæri.

Við höfum fengið heimsóknir frá Hermundi Sigmundssyni, Ársæli Árnasyni og Svövu Hjaltalín sem hafa verið að fylgjast með menntarannsókninni. Er það mat okkar og þeirra að almennt gengur verkefnið mjög vel þó auðvitað megi sníða af agnúa eins og í öllum þróunarverkefnum það eru allir sammála um að þessi velgengni er fyrst og fremst okkar frábæra kennarahópi að þakka enda er umtalað hversu mikill metnaður og fagmennska liggur í okkar mannauði. VEL GERT!

Náttúrufræði

Einn af lykilmáttum verkefnisins er að auka ánægju og áhuga á náttúrufræði. Náttúrufræðiteymið er að skilgreina efnisþætti eftir árgöngum og hefur gert stöðumat fyrir 1. bekk sem var prufukeyrt í vor. Matið var gert á Seesaw þannig að hægt er að stilla prófið eftir getu hvers og eins. Einnig er ætlunin að auka vitneskju um nærumhverfið og bæta eyju og fjalli við fugl, fisk og plöntu árgangsins.